

49
20. apríl

L Ö G

um viðauka við lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi viðauki:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning á kjöti til landsins í apríl-, maí- og júnímánuði 1954. Leyfi þetta má því aðeins veita, að yfirdýralæknir samþykki innflutninginn og fylgt verði fyrirmælum hans um kjötinnflutning þennan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

50
20. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38 27. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 18. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll samkv. a-, c- og d-lið 3. töluliðs 18. gr., greiða þessar viðbótarbætur:

- | | |
|--|-----------------------------|
| 1. Til ekkju eða ekkils samkv. fyrri málslíð a-liðs | kr. 14 000.00 |
| 2. Til uppkomins barns eða systkinis skv. c-lið, enda hafi hlut-
aðeigandi verið á framfæri hins látna vegna óvinnuhæfni (skorts
á starfsgetu) | kr. 2 000.00 til — 6 000.00 |
| 3. Til foreldra samkv. d-lið | — 2 000.00 til — 6 000.00 |